

## Vika6 – Samskipti og sambönd

*Hugmyndir fyrir miðstig*

### Samskipti í hópum – Gulur-Rauður-Grænn

Nemendur vinna saman í hópum (2-6 saman í hóp). Hver hópur fær eitt grænt blað, eitt rautt og eitt gult eða þrjú hvít blöð sem þau myndskreyta svo með gulu, rauðu og grænu (einn litur á hvert blað). Tilvalið að hafa blöðin í A5 stærð. Hóparnir ræða saman um hvað þeir vilja skrifa á blöðin, allir í hópnum verða að leggja eitthvað til umræðunnar og þau verða að vera sammála um það sem skrifað er niður. Verkefnið snýst um samskipti í bekknum/hópnum

- Á græna blaðið skrifa nemendur það sem þau eru sammála um að sé gott í bekknum sínum (eða hópnum ef þetta er gert t.d. í félagsmiðstöð) og þau vilja halda áfram að gera eða passa uppá.
  - Dæmi um það gæti t.d. verið „Við sýnum alltaf hvert öðru virðingu“ „Þegar við hittumst utan skóla þössum við að skilja engan útundan“ o.s.frv.
- Á gula blaðið skrifa nemendur það sem þeim finnst að mætti skoða betur
  - Dæmi um það gæti t.d. verið „Við gætum reynt að hlusta betur á hvert annað“ „Við gætum verið duglegri að hrósa hvert öðru“
- Á rauða blaðið skrifa nemendur það sem þau vilja stoppa
  - Dæmi um það gæti t.d. verið „Við ættum að hætta að nota blótsyrði og kalla hvert annað ljótum nöfnum, þó það sé sagt í gríni“ „Við ættum að hætta að hlæja og gera grín að þeim sem gera mistök“

Einn úr hverjum hópi les upp af blöðum hópsins og annar úr hópnum tekur blöðin og hengir upp á vegg. Öll grænu blöð hópsins eiga að vera saman, öll gulu og öll rauðu. Kennari ræðir svo við nemendur hvað er að koma í ljós... hvað er gott í bekknum, hvað vilja þau gera betur og hvaða hegðun eða samskipti eru þau sammála um að þurfi að stoppa? Kennari hvetur þau svo til að fara eftir eigin „ráðleggingum“ til að muna eftir að hafa samskiptin í hópnum góð.

\*Það er tilvalið að gera þetta verkefni enn myndrænna t.d. með því að klippa blöðin út eins og laufblöð, grænu laufblöðin fá að hanga á tré sem bekkurinn setur upp á vegg, gulu laufblöðin geta verið að falla og rauðu eru fallin og liggja við rætur trésins. Einnig væri hægt að setja þetta upp eins og umferðarljós ... teikna stórt umferðarljós á maskínupappír og skrifa inn á græna ljósið allt sem nemendur vilja hafa og gera betur, á gula ljósið allt sem þarf að skoða betur og á rauða ljósið það sem er bannað og þau vilja stoppa.

## Vinátta – gul,rauð, græn

Hér fyrir neðan eru ýmsar setningar sem lýsa framkomu og samskiptum sem manneskja sýnir innan vinasambands (getur átt við um bekkjarfélaga eða fjölskyldumeðlimi einnig)

-Límið karton upp á vegg, eitt rautt, eitt gult og eitt grænt (má hafa eitt appelsínugult ef þið viljið).

- Grænt er merki um góð og heilbrigð samskipti
- Gult er merki um samskipti sem eru ekki í lagi en hægt að ræða um og laga
- Rautt er merki um óheilbrigð samskipti og jafnvel ofbeldi

Látið nemendur draga setningu, þegar öll hafa dregið setningu þá biðjið þið þau að standa upp eitt af öðru, lesa upphátt sína setningu og líma hana á kartonið eftir því hvar þeim finnst hún eiga heima. Stundum eru nemendur ekki sammála og þá má ræða um það, sumt er kannski aðeins óljóst. Minnið þau á að þó manneskja sýni eina hegðun sem er á rauðu er hún ekki endilega slæm manneskja heldur er að sýna slæma hegðun og verður að laga það.

Þegar öll eru búin ætti að vera komið gott róf af samskiptum, frá heilbrigðum yfir í óheilbrigð/ofbeldi. Hrósið nemendum fyrir að vita nákvæmlega hvað eru góð samskipti og hvað ekki, hvetjið þau til að vera sjálf á grænu og velja í kringum sig fólk sem er á grænu. Hvetjið þau til að ræða við einhvern fullorðinn og fá hjálp ef einhver í kringum þau beitir rauðri hegðun á þau, sérstaklega ef um ítrekaða hegðun er að ræða.

Er alltaf tilbúin til að hlusta á þig

Er til staðar þegar þér líður illa

Finnst í lagi að þú eigir líka aðra vini

Talar við þig af virðingu

Talar vel um þig við aðra

Stendur upp fyrir þig ef aðrir eru að stríða þér eða tala illa um þig

Treystir þér

Þú getur alltaf treyst henni

Er alltaf vinur þinn, ekki bara þegar það hentar henni

Er tilbúin til að hlusta og fyrirgefa ef þér verður á

Þú getur verið algjörlega þú í kringum hana (leið, reið, glöð, kjánaleg..)

Fer oft í fýlu

Segir stundum hluti sem særa þig

Skilur þig stundum útundan

Verður afbrýðissöm ef þú ert með öðrum vinum

Vill oftast fá að stjórna

Er stundum til staðar fyrir þig en ekki alltaf

Gerir stundum grín af þér fyrir framan aðra

Hefur sagt öðrum frá þínum leyndarmálum

Er stöðugt í samkeppni við þig

Talar illa um þig við aðra

Segir niðurlægjandi hluti við þig

Hlær að skoðunum þínum

Er dónaleg við aðra (þú stundum skömmuð/skammað/ur fyrir það sem hún gerir og segir)

Þú þorir ekki að vera þú sjálf/ur/t í kringum hana

Þeir ekki að þú eigir aðra vini

Vill stjórna þér og öllu sem þið gerið saman

Sendir þér stundum óþægileg skilaboð

Sendir þér stundum óþægilegar myndir eða myndbönd

Særir eða meiðir þig með ljótum orðum munnlega eða á netinu

Skilur þig útundan

Meiðir þig stundum t.d. með því að slá þig eða ýta þér

Þrýstir á þig að taka þátt í hegðun sem þú veist að er ekki góð

## Klípúsögur sem hentað geta miðstigi

Skiptið nemendum í litla hópa og látið hvern hóp fá eina klípúsögu. Hóparnir fá ca. 10 mínútur til að leggja til a.m.k eina en helst tvær leiðir til að reyna að leysa vandamálið. Fáíð svo einn fulltrúa úr hverjum hópi til að lesa upp sögu hópsins og þeirra tillögu að lausn. Ræðið við nemendur um að oft eru málin snúin og ekki alltaf auðleysanleg. Ekki er alltaf eitt rétt eða rangt svar. Eftir að hver hópur hefur lagt fram sína tillögu mega aðrir bæta við ef þeim dettur eitthvað í hug sem gæti verið gott innlegg.

12 ára strákur sem var reiður út í vin sinn eftir að þeim lenti saman á æfingu er að spjalla við annan vin sinn á snapchat og talar illa um þann sem hann var reiður út í. Hann sagði ýmislegt sem hann meinti ekki, en sagði bara í reiði. Honum fannst hann bara vera að losa um reiðina og að þetta væri bara á milli hans og vinarins. En daginn eftir þegar hann mætir í skólann hefur vinurinn sagt bæði hinum stráknum hvað hann sagði og öllum hinum strákunum. Þeir eru allir reiðir, finnst þetta mjög léleg hegðun. Þeir ýta í hann, segja ljót orð við hann og færa sig svo allir í burtu frá honum. Hann situr einn í skólanum, enginn vill tala við hann og enginn vill hlusta á hann biðjast afsökunar eða reyna að útskýra. Hann reynir að senda strákunum snap en þeir seena hann bara og svara ekki til baka. Eftir nokkra daga hefur ástandið versnað enn meira þar sem stelpurnar í bekknum hafa frétt að hann sé fáviti og þær hætta að tala við hann líka.

Hann sér eftir því sem hann sagði en upplifir að enginn vilji heyra hann útskýra, hann saknar vina sinna og líður mjög illa.

Hvað er til ráða?

Tvær ellefu ára stelpur hafa verið bestu vinkonur síðan í 1. bekk. Þær gera allt saman og treysta mikið hvor á aðra. Einn daginn kemur ný stelpa í bekkinn og hún og önnur vinkvennanna eru settar saman í hópaverkefni. Í kjölfarið fara þær að hittast oft og hanga saman utan skóla. Hin vinkonan upplifir ótta um að missa bestu vinkonu sína frá sér, hún finnur fyrir mikilli afbrýðissemi og finnst ósanngjarnt að hinar séu að hittast án sín.

Hvað ætti hún að gera?

10 ára strákur er óöruggur og svolítið hræddur við tvo aðra stráka í bekknum því þeir eru oft að hóta honum og gera lítið úr honum fyrir framan aðra. Hann hlær með þegar þeir segja ljót orð um hann til að láta eins og honum sé alveg sama en honum er þó alls ekki sama. Honum líður mjög illa þegar þeir gera grín að honum. Hann vill ekki segja neinum fullorðnum frá því hann óttast að þá verði þeir ennþá verri og jafnvel láti verða af því að lemja hann. Hann vill ekki verða kallaður „Snitch“ en hann vill samt að þetta hætti. Hvað getur hann gert?